

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð dr. phil. Jóns Jóhannessonar prófessors, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra, 31. maí 1983.

## SKIPULAGSSKRÁ

um Minningarsjóð dr. phil. Jóns Jóhannessonar prófessors.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður dr. phil. Jóns Jóhannessonar prófessors. Sjóðurinn er stofnaður til minningar um prófessor Jón Jóhannesson, er lést 4. maí 1957, með gjöf ekkju prófessors Jóns, frú Guðrúnar P. Helgadóttur, og með minningargjöfum samstarfsmanna, nemenda, ættingja og vitna hans. Fé sjóðsins er nú kr. 60 000,00 kr. Sjóðurinn veitir gjöfum viðtöku.

2. gr.

Sjóðurinn er eign Háskóla Íslands, og er varsla hans og ávöxtun í höndum rektors og háskólaráðs. Með stjórn sjóðsins fer að öðru leyti þriggja manna stjórnarnefnd, er háskólaráð kýs til þriggja ára í senn.

3. gr.

Framangreindan höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Vaxtatekjum hans skal varið til að veita stúdentum eða kandidötum í íslensku og sagnfræði styrki til einstakra rannsóknarverkefna, er tengjast þeirra námi. Úthluta skal árlega úr sjóðnum, ef ástæða þykir til, á afmælisdegi prófessors Jóns, hinn 6. júní.

4. gr.

Háskólaráð lætur árlega gera reikninga sjóðsins, og skulu þeir birtir í árbók háskólans. Reiningarnir skulu endurskoðaðir með sama hætti sem reikningar annarra háskólasjóða.

5. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Nr. 410

31. maí 1983

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jóhannesar Sæmundssonar, íþróttakennara, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 31. maí 1983.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jóhannesar Sæmundssonar íþróttakennara.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jóhannesar Sæmundssonar íþróttakennara. Sjóðurinn er stofnaður af Félagi kennara Menntaskólans í Reykjavík.

2. gr.

Markmið sjóðsins er að efla líkamsrækt og heilbrigt félagslíf með því að verðlauna þá nemendur, er skarað hafa fram úr á þessum sviðum.

## 3. gr.

Stofnfé sjóðsins er 10 000,00 kr. Stofnfé má ekki skerða. Ávaxta skal fé sjóðsins með hagkvæmasta hætti, sem völ er á á hverjum tíma.

## 4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur af stofnfé og það annað fé, sem sjóðnum kann að áskotnast.

## 5. gr.

Vörslu sjóðsins og stjórn annast rektor Menntaskólans í Reykjavík, svo og verðlauna-veitingar.

## 6. gr.

Bók skal færa yfir eignir sjóðsins og ársreikninga hans. Þar skal og færa skýrslu um allar verðlaunaveitingar úr sjóðnum.

## 7. gr.

Árlega skal birta reikninga sjóðsins í skólaskýrslu Menntaskólans í Reykjavík og greina frá verðlaunaveitingum. Endurskoðun sjóðsins skal vera með sama hætti og annarra sjóða í vörslu rektors.

## 8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 168 17. ágúst 1970 um heilbrigðisskoðun á sláturafurðum.

## 1. gr.

Á eftir þriðja tölulið 13. gr. reglugerðarinnar komi nýr töluliður svohljóðandi:

4. Öllu kjöti og sláturafurðum, sem seldar eru til útlanda skal fylgja uppruna- og heilbrigðisvottorð. Heilbrigðisvottorð skulu gerð eftir fyrirsögn yfirdýralæknis á sérstök eyðublöð sem landbúnaðarráðuneytið skal hafa tiltæk.

Á heilbrigðisvottorði skal koma fram að afurðir þær sem tilgreindar eru á vottorðinu séu af íslenskum gripum, er hafi hlotið heilbrigðisskoðun fyrir og eftir slátrun og reynst heilbrigðir, og að meðferð þeirra hafi verið í samræmi við fyllstu hollustukröfur.

Heilbrigðisvottorð skulu útfyllt svo sem við á hverju sinni og undirrituð af yfirdýralækni að fengnum nauðsynlegustu upplýsingum staðfestum af viðkomandi kjötskoðunarlækni eða fulltrúa hans og útflutningsaðila.

Á heilbrigðisvottorði skal tilgreina hvaða tegund afurða vottorðið nær til.

Ennfremur skal tilgreina fjölda skrokka og stykkja, þyngd þeirra og auðkenni eða númer. Þá skal greina á vottorðinu númer sláturhúss og nafn, sláturmánuð og ár, sendanda vöru og móttakanda sem og flutningstæki.